

Reykjavík í byrjun 20. aldar

Gott er að byrja á því að skoða umhverfið áður en haldið er af stað, minnug þess sem lesið var í Hávamálum:

Gáttir allar
áður gangi fram
um skoðast skyli,
um skyggnast skyli...

- Einstaklingsverkefni eða tveir vinni saman.
- Athuga vel uppsetningu (inngang, meginmál og lokaorð plús heimildaskrá) svo og allan frágang.

Reykjavík í byrjun 20. aldar er viðfangsefni þitt hér.

Veldu þrjú atriði af eftirfarandi og skrifaðu eina til tvær efnisgreinar (7–10 málsgreinar) um hvert þeirra þannig að pistillinn verði samfelld mál:

- skipulag Reykjavíkur
- heilbrigðismál
- atvinna
- umhverfismál
- húsnæði
- menntun
- stéttaskipting
- skemmtanalíf
- samgöngur

Nýttu þér atriðisorðaskrá í leit þinni í bókum, slík skrá hjálpar! Hér eru nokkrar bækur um **Reykjavík**:

Guðjón Friðriksson. 1994. **Bærinn vaknar 1870–1940, síðari hluti**. Iðunn, Reykjavík.
Ísland í aldanna rás 1900–1950. 2000. Illugi Jökulsson aðalhöfundur. JPV, Reykjavík.
Páll Línadal og Einar S. Arnalds. 1986–1991. **Reykjavík, sögustaður við Sund** (4 bindi). Örn og Örlygur, Reykjavík.
Öldin okkar 1901–1930. 1950. Gils Guðmundsson ritstjóri. Iðunn, Reykjavík.

Lágmarkslengd á pistli um borgina er um ein og hálf síða, má vera lengra.